

Reikningsskilaráð ríkisins

58. Fundur – 1. september 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson og Björn Þór Hermannsson,
- Forföll: Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 57. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2021.

Rætt um ferlið við koma út Ríkisreikningi ársins 2020.

3. Staðlar innleiðing.

Farið var yfir staðla sem ekki hafa verið innleiddir og reikningsskilaráð heimilað frestun á í ríkisreikningi. Rætt var um framhaldið og niðurstaðan var að á næsta fundi mun FJR og FJS leggja fram áætlanir um innleiðingu staðlanna.

4. Endurflokkun Hagstofu á ríkisaðilum.

Farið yfir vinnu í fjármálaráðuneytinu um endurflokkun ríkisaðila í A-hluta og tímaáætlanir.

5. Staða fasteignamála.

Kynntar voru breytingar í fasteignamálum hjá ríkinu. Frá og með 15. september sameinast Ríkiseignir og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) undir heitinu Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir.

Á næsta fundi verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingum ásamt fyrirhuguðum breytingum á fasteignamálum hjá Háskóla Íslands og LHS.

6. Önnur mál.

Erindi barst rétt fyrir fund frá Vegagerðinni um að Reikningsskilaráð gefi álit á hugsanlegum samvinnuverkefnum stofnunarinnar, hvort þau flokkist innan eða utan A-hluta ríkissjóðs. Fjallað var um erindið og var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi Vegagerðarinnar vegna samvinnuverkefna. Tekið var fyrir erindi Vegagerðarinnar dagsett 31. ágúst sl. þar sem óskað var eftir afstöðu ráðsins til fyrirhugaðra þriggja samgönguverkefna mtt hvort flokka bæri þau innan eða utan A-hluta ríkissjóðs.

Í janúar 2019 barst reikningsskilaráði erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem óskað var eftir álit á áhrifum mismunandi útfærslna á fyrirkomulagi við uppbyggingu samgöngumannvirkja og fjármögnun þeirra á fjármál ríkisins. Reikningsskilaráð skilaði ráðuneytinu ítarlegri greinargerð í mars 2019 um helstu þætti þar að lútandi að því er varðar flokkun og meðferð framkvæmda í reikningshaldi og hagskýrslugerð hins opinbera.

Almennt fjallar reikningsskilaráð ekki um erindi frá einstökum ríkisaðilum í A-hluta um flokkun eða reikningshaldslega meðferð einstakra hugsanlegra eða mögulegra verkefna. Niðurstaða ráðsins er því að vísa til framangreindrar greinargerðar, og leggur jafnframt til að Vegagerðin beini erindi sínu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eða fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ekki annað rætt og fundi slitið 10:30.
Næsti fundur 29. september.